

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 11.febrúar 2021

Efni. Umsögn tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál, 151. löggjafarþing.

Vestfjarðastofa telur að efni þingsályktunartillögunnar sé mjög miðuð við aðstæður á höfuðborgarsvæðinu, þar sem almenningssamgöngur eru í mikilli uppbyggingu. Ekki hafa allir landsmenn jafna möguleika á því að nýta almenningssamgöngur. Fjármagn til uppbyggingar almenningssamgangna er takmarkað og samkvæmt fjármálaáætlun 2021-2025 og samgönguáætlun 2020-2024 á að draga úr framlagi til almenningssamgangna á landsbyggðinni.

Horft til Vestfjarða þá hefur fjármagn til almenningssamgangna alls ekki nægt í árana rás. Því hefur ekki verið hægt að byggja upp þjónustu þannig að hún geti nýst fólk til að komast á innan eða milli vinnusvæða. Því er þörfin fyrir að eiga tvo bíla oft mikil og þarf önnur bifreiðin a.m.k. að vera þannig búin að þeir komist um fjallvegi að vetri sem á sumri. Einnig þurfa íbúar á landsbyggðinni að sækja sér sérfræði lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðið, en flugsamgöngur eru oft þannig að ekki er í boði að fljúga og því þarf að vera til staðar hentug bifreið til að komast á milli.

Hitt er síðan að nefna í framhjáhlapi, að samkvæmt rannsókn sem Viaplan vann með tilstyrk rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar á árinu 2017, að hátt í 40 % íbúa á norðanverðum Vestfjörðum gengur og eða hjólar til og frá vinnu.

Það mat Vestfjarðastofu að þessi mál þurfi að skoðast betur þannig að sú leið sem farin verður þjóni þeim tilgangi sem henni ber og muni ekki leggjast sem auka álögur á íbúa landsbyggðarinnar sem hafa ekki kost á öðru en eiga tvo bíla til að komast ferða sinna á milli landshluta.

F.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.